



Borgarráð

Reykjavík, 27. mars 2026
USK26010412

Hæðargarður 27A - Sala á færarlegri eign - Jörfi

Óskað er eftir borgarráð samþykki meðfylgjandi kaupsamning um sölu á stakri húseiningu við **Hæðargarður 27A**, til Helgu Unu Björnsdóttur.

Greinargerð

Skrifstofa eignastýringar auglýsti til sölu húseiningu til flutnings sem staðsett er við leikskólann Jörfa, **Hæðargarður 27A**.

Einingin var auglýst í opnu uppboðsferli.

Lágmarksverð var 3.500.000,-. Alls bárust 10 tilboð í húseininguna og var hæsta tilboð sem barst 6.326.000,- Kaupandi er Helga Una Björnsdóttir kt: 300190-4059

Kaupanda ber að fjarlægja húseininguna á eigin kostnað og ábyrgð og ganga frá lóð.

Kaupverð greiðist að fullu við undirritun kaupsamnings.

Virðingarfyllt,
Ólöf Örvars
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt: Kaupsamningur og afsal undirritað af hálfu kaupanda

Kaupsamningur og Afsal

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhús Reykjavíkur, 101 Reykjavík vegna Eignasjóðs Reykjavíkurborgar, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, selur hér með og afsalar Helgu Unu Björnsdóttur, kt. 300190-4059, húseiningu sem staðsett er á lóð Jörfa, Hæðargarð 27a , 113 Reykjavík, til brottflutnings.

Húseiningin hefur verið skráð með fasteignanúmeri hjá Þjóðskrá en verður afskráð af seljanda við undirritun kaupsamnings.

Um er að ræða 62,7 m² einingu merкта **K-89B** skv. Þjóðskrá, matshluta 020101 undir fasteignanúmeri **F2236669**.

Einingin er seld í því ástandi sem hún var í við lok uppboðs á eigninni, þar sem hún er staðsett við Jörfa, sem kaupandi hefur kynnt sér með skoðun og sættir sig við að öllu leyti. Húseiningin selst til flutnings og án lóðarréttinda og skal fjarlægja hana af lóð milli 10. og 30. maí 2026.

Umsamið kaupverð eignarinnar kr. 6.326.000, sem kaupandi greiðir að fullu við undirritun kaupsamnings.

Um kaupsamning þennan gildir auglýsing eins og hún birtist á uppboðsvefnum www.uppbod.com ásamt fylgigögnum en frestur til að gera tilboð í eignina rann út þann 16. febrúar 2026.

Afhending fer fram samkvæmt nánara samkomulagi og eigi síðar en **30. maí 2026**. Eftir þann tíma mun seljandi hlutast til um að láta fjarlægja einingarnar á kostnað kaupanda. Kaupandi sér um og aflar tilskilinna leyfa fyrir flutningi og/eða niðurrifi og ber fulla ábyrgð á framkvæmdinni.

Kaupandi skal ganga þannig frá lóðinni að vegfarendum stafi ekki hætta af.

Frágangur lagna í jörðu verður í höndum seljanda.

Samkvæmt framangreindu lýsir Reykjavíkurborg, vegna Eignasjóðs Reykjavíkurborgar, hér með Helgu Unu Björnsdóttur, réttan og löglegan eiganda hins selda.

Til staðfestu framangreindu rita aðilar nöfn sín hér undir í viðurvist vitundarvotta.

Gerð verða tvö samhljóða eintök af samningi þessum.

Reykjavík, dags. _____

F.h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara um samþykki borgarráðs

F.h. kaupanda

Helga Unu Björnsdóttir _____

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og fjárræði

Nafn og kt.

Nafn og kt. _____